

Dæmi um einstakling á sjö tegundum geðlyfja:

Skortir á fagmennsku í ávísun geðlyfja

■ Geðhjálp segir skorta á fagmennsku ■ Landlæknir segir heildarnotkun ekki aðalatriði

Eftir Þórð Snæ Júlíusson
thordur@bladid.net

Sveinn Magnússon, framkvæmdastjóri Geðhjálp, segir að það sé einblínt allt of mikið á að beita lyfjum sem allsherjarlausn í geðheilbrigðismálum hér á landi. „Það eru margir samverkandi þættir sem spila inn í geðsjúkdóma og það er engin heildarlausn að gefa einhverjar pillur. Okkar samfélagslega umhverfi veldur oft miklu meiri fötlun eða veikindum heldur en nokkurn tímann sjúkdómarnir sjálfir. Það er ekki hægt að reka fleyg á milli félagslega hlutans og heilbrigðishlutans heldur eru þetta samverkandi og óaðskiljanlegir þættir. Lyfin geta verið lífsnauðsynleg, en þau eiga að vera hjálpar-tæki, ekki lausn.“

Sala á geðlyfjum hefur aukist um 83 prósent á undanförunum áratug. Árið 1996 voru seldir rúmlega 115 dag-skammtar á hverja þúsund íbúa hér á landi en í fyrra

voru þeir rúmlega 210.

Framkvæmdastjóri Geðhjálp telur skort vera á fagmennsku við ávísun geðlyfja.

„60 prósentum af geðdeyfðar-lyfjum er ávísad af heimilislæknum sem eru ekki sérfræðingar í geðheilbrigðismálum. Þegar svo stórum hluta lyfja er ávísad af þeim þá vekur það upp spurningar um hversu mikil fagmennska sé að baki þeirri ákvörðunartöku. Sem dæmi leitaði hingað einstaklingur sem var á sjö tegundum af þunglyndislyfjum og þurfti að byrja á því að fara í afeitunarprógramm. Það verður að fara fram mun faglegra mat á hverjum einstaklingi.“

Að sögn Sveins hafa þó átt sér stað miklar breytingar til hins betra í umræðum um geðheilbrigðismál á Íslandi á síðasta áratug. „Það er allt

Fjöldi seldra dagskammta á hverja þúsund íbúa

	Geðlyf (róandi og kviðastillandi)	Geðlyf (þunglyndislyf)
1996	75,83	39,33
1997	80,75	45,67
1998	83,46	54,63
1999	85,95	62,45
2000	89,46	74,18
2001	89,91	83,25
2002	95,40	90,97
2003	97,15	98,62
2004	101,93	102,02
2005	103,95	107,26
2006	104,78	105,53

Heimild: Lyfjastofnun Íslands

annað viðhorf hjá fólki til þess að leita sér aðstoðar. Sú aukning er auðvitað jákvæð, en samt svoltíð sorgleg. Það er ánægjulegt að fólk leiti sér hjálpar en að sama skapi grátlegt hversu margir eiga við þessi vandamál að stríða.“

Matthías Halldórsson landlæknir segir ástæðuna fyrir aukningu í notkun geðlyfja fyrst og fremst þá að meira framboð sé af lyfjunum og að þau séu betri nú en áður.

„Það eru komin lyf sem hafa minni aukaverkanir en eldri lyfin. Það gefur því augaleið að þau eru meira notuð.“ Hann segir það ósköp edlilegt að heimilislæknar ávísi geðlyfjum. „Alls staðar í vestrænum löndum eru það heimilislæknar sem helst skrifa út geðlyf. Það sem skiptir mestu máli er að réttur einstaklingur fái rétt lyf á réttum tíma í réttum skammti. Heildarnotkun þjóðarinnar er ekki aðalatriði.“



Sveinn Magnússon framkvæmdastjóri Geðhjálp og Matthías Halldórsson landlæknir

Geðlyf Framkvæmdastjóri Geðhjálp segist vita um einstakling sem var á sjö mismunandi tegundum af þunglyndislyfjum.